



ALÞINGI.
Samgöngunefnd.

150 Reykjavík.

Sýslumaðurinn í Hafnarfirði

Bæjarhrauni 18 220 Hafnarfjörður

sími: 565 2400 bréfsími: 565 2700

veffang: www.syslumenn.is

Hafnarfjörður 17. maí 2006,

Málefni: Umsögn um frumvarp til laga um skráningu og þinglýsingu skipa, 666. mál, miðlægur þinglýsingargrunnur, þskj. 976.

Almennar athugasemdir.

Embætti sýslumannsins í Hafnarfirði telur að almennt felist óhagræði í því að flytja þau verkefni frá embættinu til annars embættis sem fjallað er um í frumvarpinu. Óhagræði er fyrir þá sem sem búsettir eru í umdæminu og notið hafa nærþjónustu embættisins með því að senda þurfi málin út á land með tilheyrandi fyrirhöfn og kostnaði og hugsanlega lengri afgreiðslutíma og kann að varða viðskiptahagsmuni og jafnræði aðila. Athygli vekur að sérstök ástæða hefur þótt til að geta eftirfarandi í lagatexta frumvarpsins sjálfs „þegar ytri aðstæður hamla eðlilegum flutningi skjala”. Ætla verður að sömu ytri aðstæður geti valdið óhagræði fyrir aðra þætti frumvarpsins s.s. nauðungarsölu á skipum þótt þeirra sé ekki getið þar.

Athugasemdir um I. kafla.

Í 3.gr. frumvarpsins er varðar þinglýsingu á skipum stærri en 5 brúttótonn er gerður sá varnagli “þegar ytri aðstæður hamla eðlilegum flutningi skjala” sé hægt að snúa sér til næsta þinglýsingarembættis um móttöku skjala. Athygli vekur að sami varnagli er ekki í 6.gr. frumvarpsins um þinglýsingu skipa minni en 5 brúttótonn. Þetta verður ekki skilið á annan hátt en að nefndar “ytri aðstæður” þurfi ekki að vera til staðar varðandi móttöku þeirra skjala og geti aðilar því í öllum tilfellum snúið sér til næsta sýslumannsembættis. Það vekur einnig athygli að ekki er sami áskilnaður um framsendingu á frumritum skjala í 3. og í 6. gr. Hægt er að draga þá ályktum að ekki sé nauðsynlegt að frumrit liggi fyrir varðandi þinglýsingu á skjölum er varða skip minni en 5 brúttótonn en það væri andstætt 5.gr. þinglýsingarlaga nr. 39/1978.

Varðandi nefndar “ytri aðstæður” þá er fátt í frumvarpinu sem varpar ljósi á hvernig þær aðstæður verða metnar. Í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að heimildin sé bundin því að ekki sé fært að koma frumriti skjalsins með eðlilegum hætti, t.d. vegna ófærðar en þá geti þinglýsingarbeiðandi snúið sér til annars þinglýsingarumdæmis. Af þessu verður ekki annað ráðið að það sé undir mati þinglýsingarbeiðanda hverju sinni hvort “ytri aðstæður hamli eðlilegum flutningi skjala”. Hætta er á að sé þetta mat lagt undir þinglýsingarbeiðanda þá verði það fljótt meginregla að þorri skjala er varða skip verði móttækin hjá öðrum embættum.


Athugasemdir um II. kafla.

Í frumvarpinu er lagt til að þinglýsingarumdæmi varðandi skip verði aðeins eitt. Gangi það eftir má spyrja hvort ekki sé þá eðlilegt til samræmis að leggja niður umdæmisbókstafi skipa skv. 3.tl. 4.gr. laga nr. 115/1985, um skráningu skipa og nota einn umdæmisbókstaf fyrir íslensk skip.

Athugasemdir um IV. kafla.

Gert er ráð fyrir því að með samkomulagi sé hægt að ákveða að framhaldssala skipa geti farið fram hjá öðrum sýslumanni. Engar skýringar er að finna í frumvarpinu eða athugasemdum með því í hvaða tilvikum þetta kann að vera nauðsynlegt. Í frumvarpinu er heldur ekki að finna skýringu á því hvernig fer að öðru leyti um nauðungarsölumeðferð ef annar sýslumaður hefur framkvæmt lokasölu þ.e. hvort sýslumannsembættið fer þá með síðari þætti nauðungarsölnunnar s.s. frumvarpsgerð, úthlutun og útgáfu afsals.

Virðingarfyllst,
f.h. sýslum. í Hafnarfirði,


Bogi Hjálmtýsson sýslum.
